

219. fundur sveitarstjórnar Bláskógabyggðar haldinn þriðjudaginn 20. nóvember 2018, kl. 14:00 í Aratungu

Mætt voru:

Helgi Kjartansson, Valgerður Sævarsdóttir, Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Óttar Bragi Þráinsson, Eyrún M. Stefánsdóttur, Róbert Aron Pálmason og Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Sigurrós H. Jóhannsdóttir, sviðsstjóri.

Helgi Kjartansson, oddviti, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að tekinn verði inn nýir dagskrárliðir sem verði nr. 2 og 3. Gengið var til dagskrár.

1. Fjárhagsáætlun 2019 og þriggja ára áætlun 2020-2022

- 1.1 Bláskógaskóli Reykholti, Hreinn Þorkelsson, skólastjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir áætlun 2019.
- 1.2 Bláskógaskóli Laugarvatni, Elfa Birkisdóttir, skólastjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir áætlun 2019.
- 1.3 Framkvæmda- og veitusvið, Bjarni D. Daníelsson, sviðsstjóri, kom inn á fundinn undir þessum lið og fór yfir fjárfestingar á árinu 2019 og skv. þriggja ára áætlun.

2. Ákvörðun útsvarshlutfalls 2019

Lagt var til að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt á árinu 2019 frá árinu 2018, eða 14,52%. Umræða varð um málið og var tillagan samþykkt samhljóða.

3. Fundargerðir til staðfestingar:

3.1. Fundargerð skólanefndar, 3. fundur haldinn 14. nóvember 2018, ásamt bréfi leikskólastjóra leikskólans Álfaborgar, dags. 20. nóvember 2018.

Liður 3, Álfaborg; Lagt var fram bréf leikskólastjóra, dags. 20. nóvember 2018, þar sem fram kemur að tekist hafi að ráða inn starfsfólk þannig að mögulegt er að hafa leikskólann opinn á milli kl. 16 og 17. Jafnframt er bent á að endurskoða þurfi gjaldskrá leikskólans með tilliti til eininga sem greitt er fyrir. Umræður urðu um málið. Í ljósi þess að tekist hefur að ráða inn starfsfólk þannig að halda megi leikskólanum opnum milli kl. 16 og 17 samþykkir sveitarstjórn að sú ákvörðun sem tekin var hinn 17. október s.l., um að frá og með 1. desember n.k. myndi leikskólinn loka kl. 16 vegna vandkvæða við mönnun, komi ekki til framkvæmda. Komi upp veikindi eða aðrar ástæður sem gera það að verkum að ekki er unnt að hafa opið skv. gildandi opnunartíma hefur leikskólastjóri áfram heimild til að óska eftir að börn verði sótt fyrr en vistunarsamningur kveður á um. Breytingum á gjaldskrá er vísað til umræðu um gjaldskrár sveitarfélagsins í tengslum við fjárhagsáætlun.

Fundi slitið kl. 17:35.

Helgi Kjartansson, oddviti

Valgerður Sævarsdóttir

Kolbeinn Sveinbjörnsson

Eyrún Margrét Stefánsdóttir

Guðrún S. Magnúsdóttir

Óttar Bragi Þráinsson

Róbert Aron Pálmason

Ásta Stefánsdóttir

Sigurrós H. Jóhannesdóttir